



Stjórn SSH 526. fundur

Miðvikudaginn 23. júní 2021, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Rósa Guðbjartsdóttir stjórnarmenn í SSH og Gunnar Einarsson formaður stjórnar. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Aðalfundur Betri Samgangna ohf. / málsnr. 2003010

Fyrir liggur aðalfundarboð Betri Samgangna ohf. en aðalfundurinn verður haldinn 1.júlí 2021. Þá liggur fyrir ósk um tilnefningu stjórnar SSH í stjórn Betri Samgangna ohf. en með vísan til 1. mgr. 63. gr. a í hlutafélagalögum er óskað eftir að tilnefningar í stjórn berist félaginu í síðasta lagi fimm dögum fyrir aðalfund. Þá tilnefnir SSH varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Eftirfarandi tillaga er lögð fram:

Formaður stjórnar SSH leggur til að sömu aðilar og voru tilnefndir í stjórn Betri Samgangna ohf. í október 2020 sitji áfram en skv. hlutahafasamkomulagi skulu tilnefningar miða við að formaður stjórnar geti setið að lágmarki í fjögur ár og stjórnarmenn að lágmarki í tvö ár með það að markmiði að sérfræðipækking byggist upp innan stjórnarinnar og þannig sé tryggt að vel takist til með framkvæmd verkefnisins. Er því gerð tillaga um eftirfarandi aðila í stjórn félagsins:

1. Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar, sem jafnframt er tilnefndur sem varaformaður stjórnar Betri Samgangna ohf.
2. Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.
3. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Varamaður: Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogsbæjar.

Niðurstaða fundar:

Framangreind tillaga er samþykkt samhljóða.

2. Aðalfundur Fjölsmiðjunnar / málsnr. 1501007

Fyrirliggjandi er tölvupóstur frá Sturlaugi Sturlaugssyni forstöðumanni Fjölsmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu þar sem fram kemur að aðalfundur Fjölsmiðjunnar verði haldinn fimmtudaginn 24. júní kl. 15:00. Á dagskrá fundarins eru m.a. tilnefningar í stjórn Fjölsmiðjunnar.



Samkvæmt 6. gr. skipulagsskrár fyrir sjálfseignarstofnunina Fjölsmiðjuna eiga sex manns sæti í stjórn, og er einn þeirra tilnefndur af SSH. Jafnframt skal tilnefna varamann.

Gerð er tillaga um að Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH verði tilnefndur sem aðalmaður í stjórn og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH verði tilnefnd sem varamaður.

Niðurstaða fundar:

Framangreind tillaga er samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:15.